

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

*Kópavogsdalur. Tennishöll við Dalsmára 13. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 27. febrúar 2024 breytingu á deiliskipulagi Kópavogsdals fyrir lóðina nr. 13 við Dalsmára. Í breytingunni felst stækkun lóðarinnar um 10 m frá núverandi lóðamörkum í austur, alls um 660 m<sup>2</sup> ásamt tillögu að viðbyggingu við núverandi hús á lóðinni alls um 1.800 m<sup>2</sup> að flatarmáli. Gert er ráð fyrir nýrri aðkomu sunnan megin við fyrirhugaða viðbyggingu og nýjum tengigangi úr gleri í stað núverandi brúar. Jafnframt er gert ráð fyrir að veitingastaður í núverandi byggingu á lóðinni verði í flokki 2. Fyrirkomulag bílastæða breytist, þeim fækkar úr 17 stæðum í 15 og gert er ráð fyrir 15 hjólastæðum á lóðinni. Einnig breytist lega göngustígs sunnan lóðarinnar.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 12. apríl 2024.*

**Auður Dagný Kristinsdóttir** skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 29. apríl 2024